

Háskólastig á tímamótum – Málþing um niðurstöður skýrslu OECD um íslenska háskólastigið



Menntamálaráðuneyti stóð fyrir málþingi um niðurstöðu skýrslu OECD um háskólastigið hér á landi þann 8. september sl. Skýrslan var afraksturinn af þátttöku Íslands í úttekt OECD á málefnum háskóla í 24 löndum. Þingið var afar vel sótt en um 130 gestir hlýddu á erindi [Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur](#) menntamálaráðherra, Guðmundar Árnasonar ráðuneytisstjóra í menntamálaráðuneyti og [Paulos Santos sérfræðings hjá OECD](#), en hann er jafnframt einn af höfundum skýrslunnar.

Í ávarpi sínu fjallaði menntamálaráðherra um áhrif aukinnar hnattvæðingar á samfélög smárikja í Norður-Evrópu og hversu veigamiklu hlutverki háskólasamfélagið þjónar í að tryggja stöðu Íslands í

hnattrænum heimi. Þá benti hann á að með nýjum lögum um háskóla sem samþykkt voru síðastliðið vor hafi verið mótaður nýr rammi um íslenska háskóla, sem með samkeppni og sveigjanleika hafa nú þegar fleytt Íslandi upp í fjórða sætið innan OECD hvað varðar sókn í háskólamenntun. Hnattvæðing var Paulo Santiago einnig ofarlega í huga en hann benti þó á að aldalöng hefði Íslendinga fyrir að sækja sér menntun erlendis hefði í raun fleytt þjóðinni átakalaust innan um sker alþjóðasamfélagsins. Hann benti ennfremur á að niðurstöður úttektarinnar bentu til þess að endurmeta yrði fjármögnunarfyrirkomulag háskólanna, samtímis því sem gæði náms yrðu tryggð og að byggðar yrðu þekkingarbrýr á milli samfélags og háskólanna. Í erindi Guðmundar Árnasonar kom fram að nýsamþykkt háskólalög svöruðu á margan hátt þeim ábendingum sem settar voru fram í skýrslu OECD. Með lögnum er mótuð skýr stefna í málefnum háskólanna, ekki síst hvað varðar gæðamál með viðmiðunum sem mæta ströngustu alþjóðlegum kröfum.

Að loknu kaffihléi hófust pallborðsumræður undir stjórn fundarstjórans Illuga Gunnarssonar. Í pallborði sátu rektorarnir Guðfinna S. Bjarnadóttir, Kristín Ingólfssdóttir og Þorsteinn Gunnarsson ásamt Stefaníu K. Karlsdóttur bæjarstjóra, Kristni Andersen rannsóknarstjóra Marel og Eyrúnu Jónsdóttur framkvæmdastjóra BÍSN. Fluttu meðlimir pallborðsins stutt framsöguerindi en að því loknu hófust umræður og fyrirspurnir úr sal. Framvinda málþingsins bar þess skýr merki hversu mikil gerjun á sér stað hér á landi nú um stundir í málefnum háskólastigsins. Var fundamönnum, jafnt þeim sem fluttu formleg erindi sem öðrum, tíðrætt um fjármögun háskólastigsins en jafnframt bar gæðamál þess oft á góma. Var mál manna að eftir hið öra vaxtarstig háskólanna undanfarninn áratug sé vert að huga að gæðamálum og tryggja að stúdentar fái bestu menntun sem sambærileg sé því sem best gerist í hinum vestræna heimi.

Ræðu menntamálaráðherra og glærur frá fyrirlestri Paulo Santiago má finna á vef menntamálaráðuneytis.

Verndum þau - námskeið um ofbeldi gegn börnum og unglingum

Menntamálaráðuneyti og Félag fagfólks í frítímanum standa fyrir námskeiðum næstu mánuði um hvernig bregðast eigi við vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglingum. Námskeiðin eru byggð á efni bókarinnar, Verndum þau. Námskeiðin eru ætluð öllum þeim sem starfa með börnum og unglingum hjá sveitarfélögum, íþróttafélögum, æskulýðsfélögum og öðrum þeim sem áhuga hafa. Alls verða námskeiðin 24 og fyrsta námskeiðið verður haldið í október.

Það eru höfundar bókarinnar, Verndum þau, sem styra námskeiðunum. Ólöf Ásta Farestveit er uppeldis- og afbrotarfræðingur og Þorbjörg Sveinsdóttir er með BA í sálfræði. Þær starfa báðar í Barnahúsi og hafa mikla reynslu af barnaverndarmálum. Flest börn búa við öruggt og friðsælt umhverfi, heima, í skóla, leik- og frístundastarfi. Því miður á þetta ekki við um öll börn. Á Íslandi eru börn sem eiga undir högg að sækja, búa við vanrækslu eða eru beitt ofbeldi - líkamlegu, kynferðislegu eða

andlegu. Það er mikilvægt að þeir sem starfa með börnum og unglingum séu meðvitaðir um skyldur sínar og ábyrgð og geti lesið í visbendingar um að vanræksla eða ofbeldi eigi sér stað gegn börnum.

Menntamálaráðherra heimsækir skóla í Garðabæ

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra heimsótti skóla í Garðabæ þann 12. september sl. og ræddi við skólafólk og stjórnendur bæjarins um skólamál.

Ráðherra hóf heimsókn sína í [Sjáländsskóla](#) þar sem hún skoðaði skólann undir leiðsögn tveggja nemenda í 6. bekk og ræddi við starfsfólk og nemendur um stefnu skólans og kennsluhætti. Einnig heimsótti ráðherra leikskólann Sjáland sem er í nýju húsnæði við Vesturbú í Sjálandshverfi Garðabæjar. Að lokum var farið í [Garðaskóla](#) þar sem farið var í skoðunarferð um skólann og skólustarfið kynnt. Heimsóknin í Garðabæ endaði með móttöku í Garðaskóla þar sem tími gafst til að ræða saman. Ráðherra mun halda áfram í vetur að

heimsækja sveitarfélög landsins og leggur þar áherslu á að hitta og ræða við þá sem koma að starfi skólanna í heimsóknum sínum.

Samningur við Íslensku óperuna

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Jón Ásbergsson stjórnarformaður [Íslensku óperunnar](#) undirrituðu nýlega samning um stuðning stjórnvalda við starf Íslensku óperunnar næstu fjögur árin. Samningurinn kveður á um að óperan eigi að setja upp alls 9 óperur þar af eina barnaóperu auk samstarfsverkefna sem gefur Íslensku óperunni aukin tækifæri til samstarfs við aðra um verkefni á sviði óperulistar. Árlagt framlag ráðuneytisins nemur 175,6 m.kr. Íslenska óperan hefur þróað og eflst á undanförunum árum og eitt af markmiðum samningsins er að geta boðið landsmönnum upp á fjölbreytta og samfellda dagskrá yfir allan veturinn.

